

Fundur hjá stjórn skátaskólans 28.9.2022 í H123

Mætt:

Björk Norðdahl, Dagbjört Brynjarsdóttir, Ísak Eiríksson, Kristín Hrönn Þráinsdóttir og Katrín Kemp fræðslustýra BÍS

1. Uppsetning námsskrár skátaskólans

- Kristín Hrönn kynnti fyrir okkur verklag og ýmsar námslýsingar.
- Ræddum hvernig við viljum setja upp okkar námsskrár og námslýsingar. Þurfum að ákveða hvar við viljum geyma gögnin þannig að þau verði ávallt aðgengileg og hvernig er best að vinna þessa vinnu.

Katrín tekur þetta áfram með skrifstofunni og við hittumst á vinnufundi þann 18. október til að skilgreina og setja upp hvernig við viljum hafa námslýsingarnar okkar.

2. Námskeið vetrarins

- Leiðbeinendasveitin hefur tekið til starfa og hélt sveitarforingja- og aðst.sv.for. námskeið núna í haust. Fyrirhugað er að halda leiðtoganámskeið dróttskáta, Dróttkraft í október. Mikill hugur er í leiðbeinendasveitinni og gaman að sjá hvað hún fer vel af stað.
- Gilwell leiðbeinendahópur er að fara af stað og verður 1. Þrep Gilwell í janúar 2023.
- Við þurfum að fresta Rútunni sem var fræðslu- og óvissuferð fyrir stjórnir félaga. Stefnum að því að reyna aftur í apríl 2023.

Næsta mál er svo að koma Fálkakrafti af stað, en það eru leiðtoganámskeið fyrir fálkaskáta [https://docs.google.com/document/d/141aVHWXI2mouKY1TahwqGCeIIYVIE17oul7A7tdhleE/ed](https://docs.google.com/document/d/141aVHWXI2mouKY1TahwqGCeIIYVIE17oul7A7tdhleE/edit?usp=sharing) it?usp=sharing sem verða haldin í samvinnu við skátafélögin.

3. Önnur mál.

Katrín sagði okkur frá reynslu leiðbeinendasveitarinnar af nýliðnum námskeiðum. Ræddum að það gæti verið gaman að lengja aðeins í námskeiðunum og hafa lokahóf 2 vikum eftir námskeiðið. Katrín tekur það upp með leiðbeinendasveitinni.

Ræddum matarmál á námskeiðum, Gaman væri að peppa fólk í að koma að elda á námskeiðunum, sjálfboðaliðakokkurinn, nýtt færnimerki gæti komið til greina.